

Frístundamiðstöðin Ársel



„Þar sem reynsla verður að þekkingu“

Starfsáætlun 2015-2016

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Áherslur í starfi 2015-2016.....	4
Skipurit Ársels.....	5
Hlutverk, leiðarljós, gildi og einkunnarorð Ársels.....	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	7
Umbótaáætlun	7
Lykiltölur Ársels	8
Stefnukort Ársels 2014	9
Umbótaþættir 2015-2016	10
Fjölmening	10
Gæði og fagmennska	11
Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	11
Málþroski, læsi og lesskilningur	12
Verk, - tækni og listnám	13
Aðrar áherslur í starfi	14

Inngangur

Frístundamiðstöðvar Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS) starfa eftir leiðarljósi sviðsins sem er: Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Starfsstöðvar sem undir Ársel heyra eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti.

Frístundaheimilin eru: Fjosið og Stjörnuland í Grafarholti og Töfrasel og Víðisel í Árbæ. Félagsmiðstöðvarnar eru: Fókus í Grafarholti, Holtið í Norðlingaholti og Tían í Árbæ. Auk þess er frístundamiðstöðin í samstarfi við aðrar stofnanir félög og félagasamtök í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti um ýmsar hátíðir, viðburði og verkefni í hverfunum. Frístundamiðstöðin þjónustar þar að auki Dalskóla, Norðlingaskóla og Ártúnskóla sérstaklega vegna þeirra starfsemi í frístundastarfi.

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Ársels 2015-2016 er unnin út frá stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2014 og 2015. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Frístundamiðstöðvarnar vinna starfsáætlanir sem gilda fyrir skólaárið, en ekki almanaksárið eins og áður, í samræmi við aðra starfsstaði Skóla- og frístundasviðs. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2015 og gildir til 31. ágúst 2016.

Við gerð starfsáætlunar unnu stjórnendur og starfsmenn neðangreinda áætlun sem síðar var unnið í smærri hópum innan starfsstaðanna verkefnaskrá sem deildarstjórar og forstöðumenn halda utan um.

Áherslur í starfi 2015-2016

Í starfi frístundamiðstöðvarinnar Ársels er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur afþreyingar- forvarnar- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska.

Reynslunám ásamt lýðræðislegum vinnubrögðum eru mikilvægustu starfsaðferðir starfsstaða Ársels.

Fyrir starfsárið 2015-2016 er áhersla á fimm umbótaþætti.

Þeir eru;

- Fjölmennning
- Gæði og fagmennsku
- Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi
- Málþroska, læsi og lesskilningur
- Verk-, tækni- og listnám


Auk umbótaþáttanna mun Ársel leggja sérstaka áherslu á vinnu með gildi Ársels og munu starfsstaðir endurspegla gildin í starfi sínu.

Þau eru;

- Fjölbreytni
- Traust
- Samvinna

Hver og ein starfsstöð hefur útfært hvað hvert gildi þýðir fyrir þeim og vinnur á skapandi og lifandi hátt með öll þrjú.

Skipurit Ársels



Hlutverk, leiðarljós, gildi og einkunnarorð Ársels

Hlutverk

Frístundamiðstöðin Ársel stuðlar að því að öllum börnum og unglingum og fjölskyldum þeirra standi til boða innihaldsríkt frístundastarf.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar standa fyrir stærsta hluta þess starfs.

Einnig er aðkoma að ýmsum verkefnum á vegum Ársels eða í samstarfi við aðila í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti.

Unnið er markvisst að því að starfið sé innihaldsríkt þar sem reynt að auk félagsfærni og lýðræðislega virkni hvers og eins og að forvarnarstarf sé er samofið öllu starfi með börn og unglingum.

Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn í 1.-4. bekk í frístundaheimilum sem og börn og unglinga í 5.-10. bekk í félagsmiðstöðvum.

Leiðarljós

Samstarf og samvinna eru ríkir þættir til að ná árangri í starfi með börnum og unglingum. Það hefur verið leiðarljós í starfi Ársels.

Lagt er upp með það að leiðarljósi að fjölbreyttir möguleikar fyrir börn og unglinga veiti þeim forsendur til að þroskast í lífi og starfi til að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Gildi

Fjölbreytni Traust Samvinna

Einkunnarorð frístundamiðstöðvarinnar Ársels er

„Þar sem reynsla verður að þekkingu“

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Matsáætlun tímabilið 2015-2016

Innra og ytra mat

Við gerð innra mats hafa starfsmenn tækifæri á að meta margvíslega þætti starfsins og er það gert með markvissum hætti.

Hafið er ferli innleiðingar allra starfsstöðva á Skóla og frístundasviði og hafa starfsstöðvar Ársels fengið kynningu á því og eru tilbúnar að byrja.

Stefnt er að því að allar starfsstöðvar Ársels hafi farið í gegnum innra mat fyrir lok næsta árs.

Eftir að starfsmenn hafa tekið út starfsemina er áætlað að ákveðið teymi komi sem tekur út starfsemina og gefur skýrslu um stöðuna.

Mun slíkt mat verða unnið í kjölfarið á innra mati.

Aðrar kannanir og mat á starfinu

Ársel mun gera eftirfarandi kannanir á tímabilinu 2015-2016 til að meta framgang starfsins.

- Foreldrakönnun lögð fyrir miðlægt í samstarfi við SFS
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar
- Viðhorfskönnun starfsmanna lögð fyrir miðlægt á vegum SFS
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar
- Meta kynjahlutföll í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum Ársels
 - Gera athugun á fjölda í september, janúar og maí
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar
- Meta þátttöku og virkni barna og unglinga í frítímastarfi
 - Starfsmenn fylla út þar til gert skjal í hvert skipti sem þeir vinna úti í náttúrunni með börn og unglinga
 - Uppgjör í loka annar þar sem fram kemur fjöldi, innihald og kynjaskipting
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar

Umbótaáætlun

Í ljósi niðurstaðna í ofangreindum könnunum á síðasta skólaári var ekki ástæða til sérstakra aðgerða nema er viðkemur viðhorfskönnun starfsmanna.


Einstök atriði hennar gáfu til kynna að einstakra aðgerða var þörf.

Helstu þættir þeirrar áætlunar miðast við að draga úr álagi starfsfólks, bæta aðstöðu og aðbúnað auk þess að veita stjórnendum og starfsmönnum markvissari endurgjöf í starfi. Er sú áætlun virk og unnið að þeim endurbótum.

Lykiltölur Ársels

	Raun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016
Starfsmannamál			
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	55	57	61
Fjöldi stöðugilda (1.okt)		27	30
Fjöldi starfsmanna (1.okt)		57	61
- Karlar	15	21	23
- Konur	43	36	38
Frístundaheimili 6-9 ára			
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)	247	480	510
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)	15	30	35
Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára		17	20
- Stelpur	418	479	465
- Strákar	184	202	205
Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára	234	277	260
Heildarþátttaka yfir árið	3622	3850	3900
- Stelpur	1593	1750	1790
- Strákar	2029	2100	2110
- Þar af yfir sumarið	412	520	600
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára			
Heimsóknir unglunga í félagsmiðstöðvar	37955	40100	42000
- Stelpur	17635	18600	20200
- Strákar	20320	21500	21800
Þar af í sumaropnun	514	764	800
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í Reykjavíkurráði)	10	15	16
- Stelpur	6	8	8
- Strákar	4	7	8
Annað starf fyrir börn, unglunga og ungmenni			
Börn á smíðavöllum/SSÚ	36	53	34

Stefnukort Ársels 2014



Umbótaþættir 2015-2016

Í starfsáætlun Skóla og frístundasviðs er lögð áhersla á fimm umbótaþætti fyrir árið 2015-2016

- Fjölmenningu
- Gæði og fagmennsku
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Málþroska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listnám

Hér fyrir neðan má sjá hvað stefnt er á að gera varðandi hvern þátt.

Fjölmennung

Starf frístundamiðstöðva byggir að miklu leyti á því að ná til sem flestra barna óháð getu, stöðu, menningu eða stétt viðkomandi.

Lögð verður áhersla á að gera menningu allra hátt undir höfði og virkja sem flesta til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Ein leið til þess er að halda í heiðri menningu barna af erlendum uppruna er bjóða upp á fjölmenningasmiðjur.

Í gegnum þá vinnu er verið að leggja áherslu á gagnvirk samskipti og tækifæri þeirra sem og virkja foreldra til þátttöku í starfi félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

- Fjölmenningarvika. Börnin fengin til að aðstoða, hvað er það sem þau vilja sýna frá sinni menningu, mat, föndur, spil o.s.frv. Búin verði til viðburður í dagskrá og tvö kvöld tileinkuð öðrum menningarheimum s.s:
 - Afrískur dans
 - Zumba
 - Öðruvísi sælgætisgerð
 - Origami
 - Erlend matargerð
 - Erlend spil
- Að 10-12 ára félagsmiðstöðastarf verði kynnt fyrir börnum af erlendum uppruna í 3.- 4. bekk
 - Samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva um verkefnið
- Lögð verði áhersla á ráðningu starfsfólks af erlendum uppruna
 - Atvinnuauglýsingar á öðrum tungumálum en íslensku
- Boðið upp á millimenningarfræðslu og fjölmenningarstefnu SFS á „Heimurinn er hér“
- Þátttaka í verkefninu „Vertu næs“ þar sem stjórnendur eru hvattir til að huga að erlendum starfsmönnum sínum með upplýsingagjöf við hæfi og ræða við þá á íslensku undir formerkinu „Allir eru íslenskukennarar“

- Jafnt aðgengi að þjónustunni óháð bakgrunni einstaklinga
- Farið verður yfir handbókina „Access all2 areas“ og unnið að verklagsáætlun eftir henni og hún innleidd í starfið
- Yfirfara heimasíðu og bæta inn þýðingum
- Vera aðila að móttökuáætlun nýrra barna í viðkomandi samstarfsskóla

Gæði og fagmennska

- Stefnt verði að samráðningum á starfsfólk innan frístundamiðstöðvarinnar í auknu mæli
- Farið verði í betri skimanir á hæfileikum starfsfólks frístundamiðstöðvarinnar
 - Endurgerður auðlindabanki
 - Greina þarfir starfsstaða Ársels gagnvart viðfangsefnum í starfinu
- Afhending samstöðutákns Ársel til allra starfsmanna, taupoka með Árselsmerktum vinnutækjum s.s. penna og lyklabandi
- Endurskoða og yfirfara gildi Ársels
 - Starfsstaðir klári sýn sína á gildin og geri þau sýnilegri í starfi
 - Unnið verður sérstaklega með gildin í haust færði þessa setningu upp, var annars staðar
- Jákvæð og heiðarleg samskipti
 - Að börn, unglingar og starfsmenn líði vel í starfi og upplifi starfsemina þannig að auðvelt sé að tala um málefni sem þarf að ræða
- Öflugt samstarf
 - Að starfsmenn séu í samstarfi við þá aðila sem vinna með börnum og unglingum í Árbæ
 - Samstarf við félagsmiðstöðvar Ársels, skólanna, þjónstumiðstöðvar, félög, félagasamtök, o.s.frv.
- Þekking og færni starfsmanna
 - Að starfsmenn hljóti þá fræðslu sem þörf er á sbr. fræðsluáætlun

Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

Barna- og unglingalýðræði er lykilþáttur í starfi frístundamiðstöðva.

Starfandi eru ýmiskonar ráð s.s.; húsráð, ungmennaráð o.s.frv.

Markmiðið er að í öllu starfi sé almenn þátttaka barna og unglinga til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Einnig er mikilvægt að jafnrétti og mannréttindi séu í hávegum höfð og skal starfað eftir Barnasáttmálanum.

- Greitt verði fyrir aðgengi umsækjenda sem útskrifast hafa úr „Starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun“ að vinnu í frístundarheimilum Ársels í gegnum „Atvinnu með stuðningi“

- Stofnun Starfsmannafélags Ársels
- Þróun á lýðræðislegum vinnubrögðum hjá börnum og unglingum, þjálfun starfsmanna, skoða verklag, skoða fjölbreyttar leiðir til þátttöku
- Að öll börn og unglingar hafi sama rétt og tækifæri til þátttöku, séu meðvituð um það, upplifi það og nýti sér það
 - Áframhald á samstarfsverkefninu „Hönd í hönd“ við Árbæjarskóla
 - Nota sömu viðmið í samstarfi við aðra skóla
 - Ungmennaráð fái aukið vægi í starfsemi félagsmiðstöðvanna s.s. að taka ákvarðanir um innkaup og dagskrárgerð
 - Dagskrárvöld einu sinni í mánuði
 - Lýðræðisfræðsla fyrir starfsfólk og unglinga

Málproski, læsi og lesskilningur

- Fá aðgegni að bókasöfnum skólanna sem frístundaheimilin eru við
- Samstarf við bókasafn Árbæjar og frístundaheimilanna um bókakassa með mismunandi þemum inn á frístundaheimlin
- Húslestrar í frístundaheimilum
- Notkun fjölmiðla
 - Að börn og unglingar geti nýtt sér fjölmiðla á jákvæðan hátt og því hæfari að þekkja og forðast hættur sem þar liggja
 - Vera með gagnrýna hugsun
 - Fara yfir Instagram og fleiri samfélagsmiðla
 - Fræðsla á beinan og óbeinan hátt hvernig Internetið virkar og hvernig samskipti á netinu skipta mál
 - Sett verður upp fjölmiðlafræðsla fyrir unglinga og foreldra
 - Fjölmiðlafræðsla partur af fræðsluáætlun félagsmiðstöðvanna
- Fjármálalæsi
 - Unglingar fái reynslu í að meðhöndla peninga
 - Taka þátt í rekstri félagsmiðstöðvarinnar
 - Unglingar öðlist skilning á orðum eins og kostnaður, gjöld, hagnaður og tap
 - Unglingar taka þátt í að skipuleggja viðburði, geri kostnaðaráætlun og uppgjöri
- Að nýta vinnumarkaðinn (réttindi og skyldur)
 - Unglingar upplýstir um réttindi og skyldur á vinnumarkaðnum
 - Að fá VR/St.Rv. til að halda slíka fræðslu
- Umhverfislæsi unglinga og starfsmanna félagsmiðstöðvanna
 - Fá tunnur til að getað flokkað
 - Hvetja unglingana til að ganga betur um
 - Aðgengi að tunnum bætt þar sem við á og flokkunarkerfi tekið í notkun

- Upplýsa um flokkun og hengja upp plaköt um umhverfisvernd
- Sýnilegri reglur/leiðarljós og eftirlit með því að börn og unglingar framfylgi leiðarljósum
- Fá unglinga með i lið
- Að börn og unglingar gangi vel um eigur félagsmiðstöðvarinnar og bæti umgengnina
 - Innlit – útlit í félagsmiðstöðvum
 - Félagsmiðstöðvarnar gerðar hreinni og fínni

Verk, - tækni og listnám

- Heimsóknir á menningarmiðstöðvar borgarinnar með áherslu á 3. og 4. bekk
- Börn og unglingar hvött til að tjá sig og fá útrás í gegnum listsköpun
- Skapa aðstöðu og tíma fyrir skapandi verkefni (stúdíó, hljómsveitarherbergi, listahorn)
- Að hvetja til listsköpunar með verkefnum eða hópum s.s.
 - Að virkja ljósmyndahæfileika (ljósmyndanámskeið)
 - Að virkja sönghæfileika (Söngkeppni Samfés)
 - Að virkja hljóðfæraleik (hljómsveitaaðstaða)
 - Að virkja kvikmyndagerð (upptaka, mynd og hljóð og klipping) vorönn
 - Að virkja færni í græjumálum (DJ-ráð, hljóð og ljós).
 - DJ Keppni
 - Góða aðstaða í Sæmundarskóla til að kenna á hljóð og ljós sem hægt er að nýta til tæknikennslu
 - Bjóða upp á aðgengi að smíðakössum
 - Starfskynningar fyrir 10. bekkina í frístundaheimilin
 - Að virkja færni í eldhúsinu (Matgæðingar #1)
 - Að virkja dans (böll og just dance)
 - Að virkja leiklist (Skrekkur, stuttmyndir)
 - Að virkja hár, förðun og búningahönnun (Stíll)
 - Að virkja teiknun og málun (teikniklúbbur, stenslnámskeið)
 - Listahorn í Árseli og Holtinu. Nýta aðstöðu í skólum.

Aðrar áherslur í starfi

- Þátttaka í samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva um *Vinsamlegt samfélag*.
Verkefnið hefur alið af sér samstarf allra þessara aðila um tvo sameiginlega starfsdaga á ári.
Annar starfsdagurinn er fyrir stjórnendur, að hausti, þar sem leitast er eftir að fara yfir stefnumál hverfanna en hinn er fyrir alla starfsmenn, að vori. Lagt er upp með fræðslu og skemmtun í kjölfarið.
- Leita sértækra leiða til að efla sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga sem glíma við félagslega einangrun og hafa frumkvæði að samstarfi fagaðila og félagasamtaka vegna þeirra.
- Greina þarfir og móta stefnu vegna frístundastarfs fyrir börn í 5.-7. bekk á vegum frístundamiðstöðvarinnar.
- Meiri samfellu milli barna og unglingastarfs, þ.e. kynna 5.-7. bekkjar starf fyrir börnum í 3.-4. bekk. Samstarf, flæði og kynningar.
- Greina þarfir fyrir börn í 5.-7. bekk og móta stefnu.
- Taka þátt í að móta stefnu um frítímapjónustu fyrir börn og unglunga með annað móðurmál en íslensku, sem hluti af stefnu um börn og fjölmenningu.
Gera hana aðgengilegri, koma upplýsingunum á framfæri.
- Unnið verður að þarfagreiningu fyrir frístundastarf ungmenna yfir 16 ára aldri í samráði við ÍTR.
Fá upplýsingar um stöðu mála og forma starfið eftir því.
- Útfæra hugmyndir starfshóps um heilsueflingu barna og unglunga.
- Auka fjölbreytni listrænna viðburða sem byggja á þátttöku barna og ungmenna.
Barnamenning allan ársins hring.
- Nýta listaviðburði sem unglingar standa fyrir í barnastarfinu s.s. í tengslum við Skrekk, Samfés og Góðgerðavíkuna.
- Þjóða upp á fjölbreytt úrval listsköpunar s.s. dans-, leik- og tónlist o.s.frv.
Kynna fyrir börnum/unglingum.
Gefa börnum og unglingum færi á að finna áhugasvið sitt og hverjir styrkleikar þeirra eru á sviði lista.
- Fjölga starfsstöðum Ársel sem innleiða „Græn skref“ og sjálfbærni.
- Hvetja starfsstaði til þátttöku í umhverfisverkefnum, s.s. „Lesið í skóginn“, taka svæði í fóstur (grenndarsamningar).
- Starfsstöðvar Ársels vinni áfram með verkefnið „Útivist og hreyfingu“.
Dagskrár miði að aukinni útivist og hreyfingu og auka á fjölbreytni verkefna.
Halda heilsu og hreystiviku, auk þess auk að hjóla-, göngu- og sundferðir í starfinu.

- Kanna þátttöku og virkni fatlaðra unglunga í félagsmiðstöðvastarfi, greina þarfir þeirra og skoða hvernig bregðast skal við þörfinni.
Gera áætlun um breytta þjónustu á öllum starfsstöðum Ársels í tengslum við skýrslu um þjónustu í nærumhverfinu.
- Leitast eftir auknu samstarfi við Ártúnsskóla, Dalskóla og Norðlingaskóla vegna frístundastarfs í skólum.
- Kynna reglur um auglýsingar í Skóla- og frístundastarfi.
- Endurskoða og kynna „Auðlindabankann“ þar sem áhugasvið/þekking starfsmanna er skráð.
Nýttur til að færa þekkingu og sérhæfingu á milli starfsstaða.
- Aðgerðir mótaðar vegna álags í starfi.
- Marka stefnu til að draga úr fjarvistum vegna veikinda.
- Bæta aðstöðu starfsmanna á starfsstöðvum.